Jafnréttisstofa 2020

Forsætisráðuneytið
Stjórnarráðshúsinu v/Lækjartorg
150 Reykjavík

Akureyri, 7. ágúst 2020
2008027 JFK

Efni: Umsögn Jafnréttisstofu um frumvarp til laga um stjórnsýslu jafnréttismála

Jafnréttisstofa þakkar fyrir tækifærið til að koma á framfæri umsögn vegna ofangreinds máls. Stofnunin hefur tekið virkan þátt í undirbúningi málsins en vill árétta neðangreind atriði:

4. gr. Hlutverk Jafnréttisstofu
Í þessari grein eru verkefni Jafnréttisstofu talin upp í liðum a til l. Ljóst er að mörg verkefnanna eru afar viðarmikil og sum þeirra kalla á nýja sérþekkingu innan stofnunarinnar. Jafnréttisstofa bendir á að þegar lög nr. 85/2018 og 86/2018 voru samþykkt bættust enn frekari verkefni við hjá stofnuninni. Þá liggja nú fyrir drög að frumvarpi til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna þar sem m.a. eru lagðar til breytingar á jafnlaunavottunarferlinu og lögð til svokölluð staðfestingarleið (sbr. 7. gr. þeirra draga).
Ljóst er að auka þarf fjármagn til stofnunarinnar með tilliti til aukinna verkefna og hvetur Jafnréttisstofa ráðuneytið til að huga vel að væntanlegri fjárþörf svo að stofnuninni verði kleift að sinna sínum lögbundnu verkefnum.
Í k-lið eru tilgreind sértækari verkefni en í öðrum stafliðum. Sé ætlunin að tilgreina sérstök verkefni mætti þar bæta við eftirliti með jafnréttisáætlunum sem er viðamikill hluti af starfsemi stofnunarinnar.

5. gr. Upplýsingaöflun og eftirlit
Í 2. mgr. er lögð til sú breyting að heimild Jafnréttisstofu til upplýsinga og gagna eigi nú eingöngu við um mál sem kunna að varða hagsmuni margra og hafa almennt gildi að mati Jafnréttisstofu. Stofnunin vill benda á að orðið „margir" er óheppilegt og gefur ekki vísbendingar um þann fjölda einstaklinga sem þarf til. Þá er ekki að finna skýringar í greinargerð á þessari breytingu en Jafnréttisstofa telur tilefni til að útskýra af hverju verið er að skerða heimildir hennar þegar kemur að upplýsingaöflun og eftirliti í einstaklingsmálum.

6. gr. Dagsektir
Í 2. mgr. er fjallað um þá þætti sem líta skal til við ákvörðun dagsekta. Hér mætti kanna hvort tilefni væri til að bæta „alvarleika" brots við upptalninguna.

8. gr.

Í 6. mgr. ákvæðisins er lagt til það nýmæli að sé ógildingarmál höfðað fyrir dómstólum skuli kærunefnd jafnréttismála stefnt til varnar. Jafnréttisstofa telur að þetta sé rökrétt breyting í ljósi þess að enginn er betur til þess fallinn að útskýra forsendur niðurstöðu úrskurðar en aðilinn sem semur hann. Það verður að teljast óeðlilegt að einstaklingur sem kærir mál til kærunefndar sé mögulega settur í þá stöðu á síðari stigum málsins að þurfa að útskýra niðurstöðu sem kærunefndar. Jafnréttisstofa fagnar því þessari viðbót.

11. gr. Birting úrskurða og ársskýrslna
Í 2. mgr. er fjallað um að kærunefnd jafnréttismála skuli árlega skila skýrslu til ráðherra um störf sín þar sem koma skuli fram helstu niðurstöður og ályktanir sem draga megi af úrskurðum nefndarinnar. Jafnréttisstofa fagnar þessu nýmæli og telur að slík skýrsla muni nýtast vel.

13. gr. Áætlanir sveitarfélaga um jafnréttismál
Í greininni er fjallað um áætlanir sveitarfélaga um jafnréttismál og kemur meðal annars fram að hún skuli lögð fram til samþykktar í viðkomandi sveitarstjórn eigi síðar en ári eftir sveitarstjórnarkosningar. Jafnréttisstofa telur að skýra mætti nánar hvernig bregðast skuli við í þeim tilfellum sem sveitarstjórn samþykkir ekki framlagða áætlun en samkvæmt 3. mgr. greinarinnar kemur fram að stofnunin hafi eftirlit með framkvæmd ákvæðisins og veiti sveitarfélögum stuðning við framkvæmd þess. Ekki er ljóst í hverju þessi eftirlitsskylda felst ef sú staða kemur upp að sveitarstjórn samþykkir ekki áætlunina. Er til að mynda gert ráð fyrir beitingu dagsekta í þeim tilfellum þar sem sveitarstjórn kemur sér ekki saman um áætlun?
Þá má skýra með nánari hætti samspil þessarar greinar og 4. gr. frumvarpsdraga um lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna en þar kemur fram að fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa 25 eða fleiri skuli setja sér jafnréttisáætlun til þriggja ára eða samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína. Hér þarf að huga að tvískiptu hlutverki sveitarfélaga, annars vegar það að móta heildstæða stefnu í jafnréttismálum fyrir íbúa sína og hins vegar hlutverki sveitarfélaga sem atvinnurekenda sem tryggja skulu starfsfólki sínu ákveðin réttindi.

Jafnréttisstofa bendir á að þrátt fyrir að skv. fjárlögum sé gert ráð fyrir að stofnunin afli umtalsverðra sértekna er ekki gert ráð fyrir að hún geti tekið gjald fyrir þjónustu sína. Slíka heimild mætti gjarna setja í lög um stjórnsýslu jafnréttismála.

Þá bendir Jafnréttisstofa einnig á að tilefni gæti verið til þess að veita stofnuninni heimild til að viðurkenna þjónustuaðila á sviði jafnréttismála þannig að tryggð sé þekking á jafnréttislögum og kröfum þeirra hjá fyrirtækjum og einstaklingum sem veita ráðgjöf á sviði jafnréttismála.

Jafnréttisstofa fagnar framkomnum drögum og telur það framfaraskref að aðskilja stjórnsýsluhluta jafnréttislaga frá efnishluta þeirra

Jafnréttisstofa fagnar framkomnum drögum og telur það framfaraskref að aðskilja stjórnsýsluhluta jafnréttislaga frá efnishluta þeirra

Katrín Björg Ríkarðsdóttir

Framkvæmdastjóri

Jón Fannar Kolbeinsson

lögfræðingur

Jafnréttisstofa, Borgum við Norðurslóð, 600 Akureyri
Sími: 460 6200 Netfang: jafnretti@jafnretti.is